

# BLÆR Í URRIÐAHOLTSSKÓLA

September  
2019

Styrkþegi Urriðaholtsskóli  
Ábyrgðamaður verkefnis: Una Guðrún Einarsdóttir

## MARKMIÐ VERKEFNIS SAMKVÆMT UMSÓKN

- Markmið verkefnisins var að innleiða vináttuverkefnið Blæ inn í Urriðaholtsskóla og vinna þannig markvisst með grunnþætti Aðanámsskrá leikskóla heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti.

## LEIÐIR SEM VORU FARNAR TIL AÐ NÁ MARKMIÐUM

Haldið var námskeið fyrir allt starfsfólk leikskólastigs Urriðaholtsskóla haustið 2018. Um var að ræða 7 klukkustunda námskeið þar sem fulltrúar frá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi sögðu starfsfólki frá bakgrunni og uppruna verkefnisins. Farið er yfir þær rannsóknir sem verkefnið byggir á og staðreyndir um einelti. Leitast var við að vekja áhuga þátttakenda á efni og fékk starfsfólk tækifæri til að æfa sig í að beita námsefni. Samhliða námskeiði var námsefni keypt inn á eldri heimasvæði leikskólastigs skólans og heimasvæðisstjórar gerðir leiðtogar í vinnu með efni. Efni fyrir börn þriggja ára og yngri kom ekki út fyrir eftir áramótin 2018-2019 og lagði skólinn út fyrir því efni og sendi heimasvæðisstjóra yngri svæða á námskeið fyrir það efni sérstaklega. Eftir því sem starfsfólk fékk meiri upplýsingar um verkefnið komu í ljós skýr markmið þess en þau eru:

- Að koma í veg fyrir og minnka einelta í leik- og grunnskóla
- Að starf skólans, áætlanir og viðhorf tryggi börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast.
- Að þróa nýjar aðferðir og verkfæri til forvarna fyrir leik- og grunnskóla.
- Að stuðla að rannsóknum á einelti.

Um forvarnarverkefni er að ræða sem ætlað er að stuðla að jákvæðum samskiptum og leitast við að búa börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast. Tekin voru samtöl með heimasvæðisstjórum þar sem rætt var hvernig efnið nýtist þeim í vinnu með börnum. Þar kom fram að starfsfólk var almennt ánæggt með efnið og talaði um að bæði væri verið að taka fyrir fyrirfram ákveðna hluta námsefnis en að námsefnið nýttist einnig til þess að grípa til þegar upp koma erfið samskipti eða tilfinningar hjá börnum. Unnið var markvisst með efnið 1-2 sinnum í viku og gripið til verkefna í aðstæðum sem komu upp á öllum heimasvæðum veturinn 2018-2019 samkvæmt heimasvæðisstjórum.

## HINDRANIR OG FRÁVIK FRÁ UPPHAFLEGRI ÁÆTLUN

Upphaflega var lagt upp með að meta viðhorf foreldra með skoðunarkönnun í upphafi og lok síðasta skólaárs en ekki gafst tími til þess sökum anna vegna opunar skólans og gert er ráð fyrir að skólinn falli inn í kannanir á vegum sveitarfélagsins hér eftir en hann var ekki inn í síðustu viðhorfskönnun. Lagt var upp með að unnið yrði með efnið tvisvar sinnum í viku og var það gert í flestum tilfellum samkvæmt

## Blær í Urriðaholtsskóla

heimasvæðisstjórum en að lágmarki einu sinni í viku. Nú er unnið að því að skipa verkefnastjóra verkefnisins á leikskólastigi til þess að fylgja því eftir að verkefnið sé í fullri virkni áfram. Gert var ráð fyrir að innleiða Blær á grunnskólastigi þegar styrkumsókn var gerð en ákveðið hefur verið að byggja verkefnið enn frekar upp á leikskólastigi og vinna síðan með KVAN í lífsleikni á grunnskólastigi og einnig er verið að vinna með ART fyrir ákveðna hópa á grunnskólastigi. Sú ákvörðun var byggð á því að aðrir skólar á grunnskólastigi í Garðabæ eru að vinna með KVAN sem hefur einnig reynst vel og ART kemur inn sem sértæk kennsla í félagsfærni, hvata og reiðistjórnun fyrir ákveðin hóp barna. Þá finnst skólastjórnendum mikilvægt að marka skil á milli skólastiga og er þetta ein leið til þess að koma með fjölbreytta kennslu í félagsfærni á hverju skólastigi.

## MAT Á VERKEFNI

Framkvæmd verkefnisins gekk vel og byggð var upp góð þekking í skólanum á Vináttuverkefninu Blær. Gott hefði verið ef viðhorfskönnun lægi fyrir en þess í stað voru tekin samtöl við starfsfólk og börn og kom í ljós almenn ánægja með verkefnið og börnunum fannst gaman í vináttu tímum. Starfsfólk nefndi sérstaklega að gott væri að grípa til námsefnisins þegar atvik kæmu upp til að hjálpa börnum að skilja og æfa sig í að setja sig í spor hvors annars. Þá höfðu eldri börnin á orði að þeim þætti tónlistin sem fylgir verkefninum skemmtileg.

## RÁÐSTÖFUN STYRKS

Heildarupphæð styrks	485.000 krónur
Aðkeypt námskeið	150.000 krónur
Kennslugögn	335.000 krónur

## AFRAKSTUR, ÁVINNINGUR FYRIR SKÓLASTARF OG KYNNING

Ávinningur þess að innleiða Vináttuverkefnið Blær á leikskólastigi Urriðaholtsskóla er góður. Starfsfólki almennt finnst það hafa verkfæri í höndum til að vinna með félagsfærni og samskipti barna óháð bakgrunni viðkomandi starfsmanns. Þá hefur verkefnið stutt við skólastjórnendur í því að leiðbeina starfsfólki í því að sjá einelti sem samfélagslegt fyrirbæri. Áður fyrr hafa samfélög litið á einelti sem einstaklingsbundið vandamál, að gerendur voru árasagjarnir einstaklingar með jákvæða afstöðu til ofbeldis og með litla samúð með fórnarlömbum sínum. Þá var litið á þolendur sem aðgerðalaus, undirgefna, kvíðna, óörugga og veikburða einstaklinga. Samkvæmt þeim rannsóknum sem verkefnið Vináttu byggir á er horft á einelti

sem félagslegt, menningarlegt og samskiptalegt mein en ekki einstaklingsbundið vandamál. Það styður við áherslur sjónnenda í Urriðaholtsskóla sem vilja horfa á félagslegt umhverfi barna og að stuðlað sé að jákvæðum samskiptum og grípa inn í og vinna með hópinn um leið og jafnvægi raskast í hópnun. Einelti á sér stað í félagslegu umhverfi sem barn hefur ekkert val um að vera í og því gríðarlega mikilvægt að starfsfólk sé meðvitað um stöðu hvers barns sem og hópsins í heild og þar þarf vinnan að fara fram. Verkefni þetta verður kynnt á Menntadegi í Garðabæ á veggspjaldi.